



# Talnabrunnur

## Fréttabréf landlæknis um heilbrigðisupplýsingar

| Embætti landlæknis

### Dánartíðni og dánarorsakir 2023

Árið 2023 léztust 2.575 einstaklingar með lögheimili á Íslandi og var heildardánartíðni 679 á hverja 100.000 íbúa. Algengustu dánarorsakir karla voru sjúkdómar í blóðrásarkerfi og þar á eftir voru krabbamein. Hjá konum var algengasta dánarorsökin krabbamein en sjúkdómar í blóðrásarkerfi voru næst algengastir. Ytri orsakir áverka og eitraná, þ.m.t. slys og sjálfsvíg, voru algengustu dánarorsakir fólks undir 35 ára á meðan sjúkdómar í blóðrásarkerfi voru algengustu dánarorsakir fólks yfir átræðu. Hjá körlum glötuðust flest æviár vegna ytri orsaka, þ.e. vegna slysaáverka og sjálfsvíga. Konur töpuðu flestum æviárum vegna krabbameina. Á árinu léztust 39 einstaklingar hér á landi sem áttu lögheimili erlendis, flestir þeirra voru erlendir ferðamenn.

Tölfræði um dánarorsakir byggir á gögnum dánarmeinskrár en í hana eru skráðar nákvæmar upplýsingar af dánarvottorðum, svo sem læknisfræðilegar upplýsingar um dánarorsök og hvernig andlát bar að. Dánarorsakir eru flokkaðar og kóðaðar samkvæmt Alþjóðlegri tölfræðiflokkun sjúkdóma og skyldra heilbrigðisvandamála (ICD) frá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni og hefur frá árinu 1996 verið notast við 10. útgáfu flokkunarkerfisins, ICD-10, og reglulegar **uppfærslur** þess.

Í dánarmeinskrá eru skráðar upplýsingar af dánarvottorðum allra einstaklinga sem deyja hér á landi sem og af dánarvottorðum einstaklinga sem deyja erlendis en eiga lögheimili á Íslandi við andlát. Opinberar tölur um dánarorsakir byggja þó aðeins á upplýsingum um einstaklinga sem áttu lögheimili á Íslandi við andlát, hvort sem andlátíð átti sér stað á Íslandi eða í öðru landi. Einstaklingar sem láttast hérlandis en eiga lögheimili erlendis, telja því ekki með í opinberum tölum en aftast í þessari greinargerð er sérstaklega fjallað um þau andlát.


Nema annað sé tekið fram, byggir tölfræðin á undirliggjandi dánarorsök. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin skilgreinir undirliggjandi dánarorsök sem i) þann sjúkdóm eða slys sem setti af stað keðju sjúkdóma eða atburða sem leiddu með beinum hætti til dauða, eða ii) þær aðstæður sem tengjast slysi eða ofbeldisverki sem olli hinum banvæna áverka.

#### Heildardánartíðni

Árið 2023 léztust 2.575 einstaklingar með lögheimili á Íslandi við andlát, 1.378 karlar og 1.197 konur. Heildardánartíðnin var 679 látnir á hverja 100.000 íbúa, 710 hjá körlum og 646 hjá konum. Hlutfall látinna undir sjötugu var 25% af heildarfjölda látinna, 28% hjá körlum og 21% hjá konum, sem er svipað meðaltali síðustu tíu ára. Ef horft er til annarra Norðurlanda má sjá að aldursstöðluð dánartíðni á Íslandi er svipuð og í Noregi og Svíþjóð en hún er nokkru hærri í Danmörku og Finnlandi, einkum vegna hærri dánartíðni karla. Nýjasta ár í þessum samanburði er 2022 og má skoða nánar í **gagnagrunni Nordic Health & Welfare Statistics**.

Ef aldursstöðluð dánartíðni síðustu ára er skoðuð má sjá hvernig heildarártíðnin hefur þróast undanfarinn aldarfjórðung. Á mynd 1 er aldursstaðlað miðað við meðalmannfjöldann á Íslandi árið 2014 og þannig leiðrétt fyrir ólíkri aldurssamsetningu þjóðarinnar á milli ára.

Þrátt fyrir nokkrar sveiflur á tímabilinu hefur dánartíðnin heilt yfir lækkað jafnt og þétt. Árið 2022 hækkaði dánartíðnin þó nokkuð, sem má að mestu rekja til fjölda andláta vegna COVID-19 (alls 213) á árinu, en lækkaði svo aftur árið 2023, einkum hjá konum.




Mynd 1. Aldursstöðluð dánartíðni eftir kyni á 100.000 íbúa vegna allra dánarorsaka, 1996-2023.


## Dánarorsakir

Í **árlegri birtingu** embættis landlæknis er meðal annars gerð grein fyrir dánarorsökum byggt á 65 atriða útgáfu evrópska stuttlistans (*European Shortlist for Causes of Death*). Hér að neðan má sjá sjö algengustu flokka dánarorsaka samkvæmt flokkun stuttlistans hjá bæði körlum (mynd 2) og konum (mynd 3).

Eins og sjá má dóu flestir karlar úr blóðrásarsjúkdómum (27,7%) árið 2023, innan þess flokks eru blóðþurrðar hjartasjúkdómar, m.a. hjartaáföll, og sjúkdómar í heilaæðum, m.a. heilaslag. Flestar konur léttust úr æxllum (26,6%), langoftast illkynja æxllum eða krabbameinum. Krabbamein voru annar stærsti flokkur dánarorsaka hjá körlum (26,2% andláta) og blóðrásarsjúkdómar annar stærsti flokkurinn hjá konum (25,1% andláta). Samkvæmt nýjustu tölu (2021) frá **Eurostat**, hagstofu Evrópusambandsins, voru sjúkdómar í blóðrásarkerfi leiðandi dánarorsök í Evrópu með tæplega þriðjung dauðsfalla (31,4%) og, eins og á Íslandi, voru krabbameinin í öðru sæti (21,6%).



**Mynd 2.** Hlutfall látinna karla árið 2023 eftir algengustu flokkum dánarorsaka.




**Mynd 3.** Hlutfall látinna kvenna árið 2023 eftir algengustu flokkum dánarorsaka.


Þegar horft er til síðustu tíu ára, 2014-2023, má sjá að helstu dánarorsakir raða sér í heildina með svipuðum hætti og árið 2023. Þegar dánarorsakir á þessu árbili eru greindar nánar eftir aldri má sjá að dreifing dánarorsaka er alla jafna talsvert breytileg eftir aldri (myndir 4 og 5).

Í aldurshópnum 0-34 ára voru ytri orsakir áverka og eitraná algengasta dánarorsökin á tímabilinu, um helmingur 616 andláta. Undir ytri orsakir falla meðal annars slys og önnur óhöpp, eitranir og sjálfsvíg. Á þessum aldri dóu fleiri karlar (58%) en konur (33%) af ytri orsökum. Á aldrinum 35-64 ára dóu flestir úr æxlium (40%) og er hlutfallið nokkuð hærra hjá konum (55%) en körlum (31%). Æxli voru einnig algengasta dánarorsökin í aldurshópnum 65-79 ára en flestir 80 ára og eldri deyja úr sjúkdómum í blóðrásarkerfi.

Að neðan má sjá nánar hvernig flokkar dánarorsaka skiptast hlutfallslega eftir aldurshópum hjá körlum (mynd 4) og konum (mynd 5) sem léttust á árunum 2014-2023. Heildarfjöldi látinna á tímabilinu er getið í sviga við hvern aldurshóp.



**Mynd 4.** Hlutfall látinna karla árin 2014-2023 eftir aldri og algengustu flokkum dánarorsaka.



Mynd 5. Hlutfall lítinna kvenna árin 2014-2023 eftir aldri og algengustu flokkum dánarorsaka.

Eins og sjá má eru ytri orsakir algengustu dánarorsakirnar í yngstu aldurshópunum en eftir því sem farið er ofar í aldri verða æxli algengari dánarorsök og eru þau algengasta dánarorsökin í aldurshópunum frá 35 til 79 ára. Eftir átrætt eru sjúkdómar í blóðrásarkerfi algengasta dánarorsökin. Ítarlegri upplýsingar um dánarmein má finna á [vef landlæknis](#).

## COVID-19 og umframdánartíðni

Skráning andláta vegna COVID-19 var samræmd á alþjóðavísu árið 2020 til þess að auðvelda samanburð milli landa. Alls léust 47 einstaklingar með skráð lögheimili hér á landi vegna COVID-19 (ICD-10 kóði U07) árið 2023, 24 karlar og 23 konur. Af þeim 47 sem léust voru tveir undir sextugu, 14 á aldrinum 60-79 ára og 31 (66%) voru 80 ára eða eldri.

Árið 2022 léust 213 einstaklingar vegna COVID-19, sem er mesti fjöldi andláta af völdum sjúkdómsins sem skráður hefur verið á einu ári. Árið 2021 léust 6 einstaklingar og 30 árið 2020 af völdum COVID-19. Á vef embættis landlæknis má finna [mælaborð um umframdánartíðni og COVID-19 andlát](#) sem uppfært er reglulega.


Nýlega birti vísindatímaritið *Lancet* úttekt á umframdánartíðni vegna COVID-19 á tímabilinu 2020-2023, en umframdánartíðni er mælikvarði á hærri dánartíðni á skilgreindu tímabili miðað við það sem búast hefði mátt við miðað við meðaltal undangenginna ára. Í greininni kemur fram að aldursstöðluð umframdánartíðni vegna COVID-19 var næstlægst á Íslandi á þessu tímabili, eða 1,95/10.000 íbúa. Tíðnin var lægst í Svíþjóð, 1,82/10.000 íbúa og meðaltal landa í Norður Evrópu var 6,60/10.000 íbúa.

## Glötuð æviár

Hugtakið glötuð æviár (years of potential life lost, YPLL) er mælikvarði á ótímabær dauðsföll þar sem sjónum er beint að dauðsföllum í yngri aldurshópum sem mögulega hefði verið hægt að koma í veg fyrir. Þessi mælikvarði er notaður til þess að leggja mat á félags- og efnahagslegt tjón sem hlýst af ótímabærum dauðsföllum og nýtist þannig til að draga fram tilteknar dánarorsakir sem hafa áhrif á yngri aldurshópa. Þegar reiknuð eru glötuð æviár er tekið mið af því á hvaða aldri einstaklingur deyr og reiknaður fjöldi ára frá andláti fram að tilteknum aldri. Þannig fá dauðsföll mismunandi vægi eftir aldri við andlát; dauðsföll yngra fólks vega þannig þyngra en dauðsföll þeirra sem eldri eru. Oft er miðað við 75 ára aldur eða meðalævilengd. Í útreikningum á glötuðum æviárum hér á eftir er miðað við 80 ára aldur, sem er nálægt meðalævilengd Íslendinga. Fjöldi glataðra æviára er því fjöldi ára frá andláti fram að átræðu.


Árið 2023 glötuðust 19.633 æviár fram að átræðu, 12.058 hjá körlum og 7.575 hjá konum. Glötuð æviár vega misbungt í flokkum dánarorsaka. Karlar töpuðu flestum æviárum árið 2023 í floknum ytri orsakir áverka og eitraná, 3.471 æviárum (28,8%). Ef flokkurinn er brotinn upp þá glötuðust 1.962 æviár vegna slysaáverka og 1.202 vegna sjálfsvíga.

Álíka mörg æviár glötuðust hjá körlum í næstu tveimur flokkum dánarorsaka, þ.e. æxli (2.597; 21,5%) og sjúkdómar í blóðrásarkerfi (2.248; 18,6%) (mynd 6).



Mynd 6. Glötuð æviár árið 2023, karlar.

Konur töpuðu samanlagt flestum æviárum árið 2023 vegna æxla, 3.045 æviárum (40,2%). Þar á eftir koma ytri orsakir áverka og eitraná, 1.332 æviár (17,6%) og loks sjúkdómar í blóðrásarkerfi, 882 æviár (11,6%). Ef flokkur ytri orsaka áverka og eitraná er brotinn upp þá glötuðust 640 æviár vegna slysaáverka og 488 vegna sjálfsvíga (mynd 7).




Mynd 7. Glötuð æviár árið 2023, konur.


Lyfjatengd andlát hafa verið talsvert til umræðu undanfarin misseri. Tölulegar upplýsingar um **lyfjatengd andlát** eru birtar á vef landlæknis og er þar miðað við andlát þar sem undirliggjandi dánarorsök er eitrun af völdum ávana- og fíkniefna sem og lyfja, án tillits til ásetnings. Ef tekið er mið af stærstu flokkum dánarorsaka eru lyfjatengd andlát fá hér á landi. Þessi dauðsföll vega hins vegar þyngra þegar reiknuð eru glötuð æviár. Árið 2023 glötuðust 1.540 æviár hjá körlum vegna lyfjatengdra andláta og 745 æviár hjá konum. Hluti lyfjatengdra andláta, þ.e. vísvitandi sjálfseitranir, teljast einnig til sjálfsvíga (15 af 56 lyfjatengdum andlátum árið 2023). Því skal varast að leggja saman tölur fyrir lyfjatengd andlát og sjálfsvíg.

Ef litið er til þróunar á fjölda glataðra æviára eftir dánarorsökum síðustu tíu árin hjá körlum þá má sjá að ýmist glatast flest ár vegna æxla eða ytri orsaka áverka og eitraná. Miklar sveiflur hafa verið milli ára á fjölda glataðra æviára vegna dauðsfalla í flokki ytri orsaka áverka og eitraná á meðan glötuðum æviárum vegna dauðsfalla af völdum æxla hefur fækkað jafnt og þétt á síðustu tíu árum (mynd 8). Staðan hjá konum er nokkuð önnur. Á síðustu tíu árum hafa flest æviár ávallt glatast vegna æxla. Nokkur breytileiki hefur verið milli ára en þau hafa samt sem áður verið á milli 1.600 og 1.800 á ári á hverjar 100.000 konur (mynd 9).

Alþjóðlegan samanburð á fjölda glataðra æviára eftir sjúkdómaflokum og milli landa má finna á **tölfraðivef OECD**.



Mynd 8. Glötuð æviár karla eftir ári og dánarorsökum, á 100.000 karla.



Mynd 9. Glötuð æviár kvenna eftir ári og dánarorsökum, á 100.000 konur.

Tíðni ótímabærra dauðsfalla er einnig hluti af **lykilvísnum heilbrigðisþjónustu** sem birtir eru á vef landlæknis. Þar er í fyrsta lagi birt tölfræði um dauðsföll vegna heilbrigðisvanda sem hefði mátt koma í veg fyrir. Í **grófum dráttum** eru það dauðsföll sem verða hjá einstaklingum undir 75 ára aldri vegna skilgreindra sjúkdóma sem mögulega hefði mátt koma í veg fyrir með árangursríkum lýðheilsuaðgerðum og fyrsta stigs forvrörnum. Í öðru lagi eru birt dauðsföll vegna meðhöndlolanlegra sjúkdóma, þ.e. dauðsföll hjá fólki undir 75 ára aldri vegna tiltekinna sjúkdóma sem hefði mátt koma í veg fyrir með tímanlegri og árangursríki heilbrigðisþjónustu. Samkvæmt báðum mælikvörðum eru ótímabær dauðsföll færri á Íslandi á hverja 100.000 íbúa en að meðaltali á Norðurlöndum.

## Aldursstöðluð dánartíðni valinna dánarorsaka


Embætti landlæknis tekur saman tíu valdar dánarorsakir í árlegri birtingu sinni. Þar er dánartíðnin aldursstöðluð á hverja 100.000 íbúa en dánartíðni sem hefur verið stöðluð með þessum hætti leiðréttir mun sem kann að vera til staðar vegna ólíkrar aldurssamsetningar í samfélögum frá einum tíma til annars. Fyrir aldursstaðlaðar tölur er notast við meðalmannfjöldann á Íslandi árið 2014 sem staðalþýði fyrir bæði karla og konur.

Á mynd 10 má sjá hvernig aldursstöðluð dánartíðni valinna orsaka hefur þróast yfir tíma, hjá bæði konum og körlum. Litlar breytingar á fjölda látinna á milli ára geta óhjákvæmilega valdið nokkrum sveiflum í dánartíðni hjá fámennri þjóð, einkum þegar horft er til einstakra og jafnvel fátiðra dánarorsaka. Vegna þessa er mikilvægt að túlka tölur einstakra ára af varúð enda getur verið um tilviljana-kenndar sveiflur að ræða.

Í efsta grafinu á mynd 10 má sjá aldursstaðlaða dánartíðni vegna algengustu sjúkdómaflokkanna, þ.e. illkynja æxla og hjartasjúkdóma. Árið 2023 var aldursstöðluð dánartíðni karla vegna illkynja æxla 183,6 á hverja 100.000 íbúa og dánartíðni kvenna var 145,8. Sé horft til síðustu 20 ára, 2004-2023, má sjá að dánartíðnin hefur dregist saman um 21% hjá körlum og 18% hjá konum.

Þegar hjartasjúkdómar eru annars vegar léttust talsvert fleiri karlmenn (155,3/100.000) vegna þeirra heldur en konur (81,2/100.000) árið 2023. Dánartíðnin lækkaði aðeins frá fyrra ári hjá bæði körlum og konum en dánartíðnin hefur á síðustu 20 árum dregist saman um 48% hjá körlum og 42% hjá konum.


Á mynd 10 má sjá þróun fleiri valinna dánarorsaka sem og í töflum á [vettandi landlæknis](#).



Mynd 10. Aldursstöðluð dánartíðni tíu valinna dánarorsaka árin 1996-2023, á 100.000 íbúa.


## Dánir á Íslandi með lögheimili erlendis

Að framan hefur verið gerð grein fyrir andlátum einstaklinga með lögheimili á Íslandi við andlát. Í dánarmeinaskrá eru þó einnig skráð andlát einstaklinga sem léttust hér á landi en áttu lögheimili erlendis. Á árunum 2014-2023 bárust embætti landlæknis árlega 17 til 39 dánarvottorð vegna einstaklinga sem dóu á Íslandi en áttu lögheimili erlendis (mynd 11).



**Mynd 11.** Fjöldi látinna á Íslandi með erlent lögheimili eftir ári og kyni, 2014-2023.

Á árinu 2023 léttust 39 einstaklingar hér á landi með skráð lögheimili erlendis. Þegar litið er til síðustu tíu ára, 2014-2023, var fjöldinn samtals 292, þar af voru 66% karlar. Eins og mynd 11 sýnir glöggð dóu fæstir með erlent lögheimili hér á landi árin 2020 og 2021 þegar í gildi voru miklar ferðatakmarkanir vegna heimsfaraldurs COVID-19. Á tímabilinu 2014-2023 var um fimm tungur látinna yngri en 35 ára, 42% voru á aldrinum 35-64 ára, 28% voru 65-79 ára og um 9% voru 80 ára eða eldri (mynd 12). Meðalaldur látinna var 55,5 ár.




**Mynd 12.** Fjöldi látinna á Íslandi með erlent lögheimili eftir aldri og kyni, 2014-2023.

Í þessari samantekt eru andlát flokkuð á sambærilegan hátt og í [Hagtíðindahafti Hagstofu Íslands frá árinu 2010](#). Þannig er þeim sem léztust á Íslandi 2014-2023 en áttu ekki lögheimili í landinu við andlát skipt í eftirfarandi flokka:

- Erlendir ferðamenn (230) – einstaklingar með lögheimili erlendis sem ekki eru í þjóðskrá
- Íslenskir ríkisborgarar með lögheimili erlendis (28) – einstaklingar í þjóðskrá með íslenskt ríkisfang
- Einstaklingar skráðir í kerfiskennitöluskrá þjóðskrár (18) – einstaklingar sem dvelja skemur en 3-6 mánuði á Íslandi
- Látnir í loft- eða landhelgi (9)
- Aðrir (7) – í þessum flokki standa eftir einstaklingar í þjóðskrá með erlent ríkisfang

Flestir þeirra sem léztust voru erlendir ferðamenn, alls 230 einstaklingar á umræddu tímabili (79%). Þá dóu 28 íslenskir ríkisborgarar sem áttu lögheimili erlendis (10%) og 18 einstaklingar á kerfiskennitöluskrá (6%). Innan loft- eða landhelgi Íslands léztust 9 einstaklingar (3%) og 7 var ekki unnt að flokka í ofangreinda flokka (mynd 10).



Mynd 13. Fjöldi látinna á Íslandi með erlent lögheimili eftir ári og flokkum, 2014-2023.

### Dánarorsakir einstaklinga með lögheimili erlendis

Í töflu 1 má sjá yfirlit yfir helstu dánarorsakir í hópi einstaklinga sem dóu á Íslandi á árunum 2014-2023 en voru með skráð lögheimili erlendis. Í heildina dóu flestir úr sjúkdómum í blóðrásarkerfi (39%), næst flestir af ytri orsökum (tæp 35%) og æxli voru þriðja algengasta dánarorsökin (um 13%). Af þeim 101 sem léztust af ytri orsökum á tímabilinu voru algengustu dánarorsakir slys tengd samgöngum (34), óhappafall (13), óhappadrukkun (11), berskjöldun fyrir náttúruöflum (10) og sjálfsvíg (10).

Ytri orsakir voru algengasta dánarorsök karla (38%) og sjúkdómar í blóðrásarkerfi algengasta dánarorsök kvenna (43%).

Í aldurshópnum 0-34 ára léztust flestir af ytri orsökum, um 75% látinna. Í aldurshópnum 35-64 ára léztust flestir úr sjúkdómum í blóðrásarkerfi (45%) og næstflestir af ytri orsökum (32%). Meira en helmingur andláta í aldurshópnum 65-79 ára var vegna sjúkdóma í blóðrásarkerfi. Í elsta aldurshópnum, 80 ára og eldri, dóu einnig flestir úr sjúkdómum í blóðrásarkerfi (11 af 27).

Í hópi erlendra ferðamanna voru algengustu dánarorsakirnar sjúkdómar í blóðrásarkerfi (41%) og ytri orsakir (36%). Meðalaldur látinna í þessum hópi var 56,3 ár. Meðalaldur látinna í hópi íslenskra ríkisborgara (með lögheimili erlendis) var 57,8 ár og voru æxli algengasta dánarorsökin (50%). Meðalaldur látinna í hópi einstaklinga á kerfiskennitöluskrá var 44 ár og léztust flestir í þeim hópi af ytri orsökum (11 af 18). Meðalaldur látinna í íslenskri loft- og landhelgi var 57 ár og léztust flestir í þeim hópi úr sjúkdómum í blóðrásarkerfi (7 af 9).

**Tafla 1.** Fjöldi látinna á Íslandi með erlent lögheimili eftir dánarorsök, kyni, aldri og flokkum, 2014-2023.

	Heild	Kyn		Aldur (ár)				Flokkur					
		Alls	Karl	Kona	0-34	35-64	65-79	80+	Erlendir ferðamenn	Íslenskt ríkisfang	Kerfiskennit-skrá	Loft-/landhelgi	Aðrir
Blóðrásarkerfi (I00-I99)	114	72	41	6	55	42	11	94	8	3	7	2	
Ytri orsakir (V01-Y89)	101	74	26	46	39	15	1	83	6	11	0	1	
Æxli (C00-D48)	37	21	15	2	18	14	3	18	14	2	1	2	
Öndunarfæri (J00-J99)	11	7	4	0	2	3	6	8	0	1	1	1	
Aðrar orsakir	29	20	9	7	8	8	6	27	0	1	0	1	
Alls	292	194	95	61	122	82	27	230	28	18	9	7	

### Tölfræði uppfærð árlega

Tölfræði um dánarorsakir er birt árlega eftir að skráningu og kóðun vottorða undangengins árs er lokið ásamt viðeigandi gæðaprófunum. Vakin er athygli á því að skráningar í dánarmeinaskrá geta tekið breytingum og því eru tölur ætíð birtar með fyrirvara um breytingar. **Birt efni má nálgast á vef embættis landlæknis.**

Sigríður Haraldsd. Elínardóttir

Jón Óskar Guðlaugsson

# Health at a Glance: Europe 2024

Nýverið kom út ritið Health at a Glance: Europe 2024. Ritið er gefið út af Efnahags- og framfarastofnuninni, OECD, í samstarfi við Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (ESB). Skýrslan nær til 40 landa, þ.e. Evrópusambandsríkjanna 27, níu landa í umsóknarferli að Evrópusambandinu, EFTA-landanna Íslands, Noregs og Sviss, auk Bretlands.

Í skýrslunni er meðal annars farið yfir helstu áskoranir sem heilbrigðiskerfi Evrópu standa frammi fyrir í dag. Skýrslan skiptist í two hluta. Annars vegar eru tveir þemakaflar og hins vegar sex kaflar þar sem sett er fram tölfraði í formi heilsuvísá.

Fyrri þemakaflinn snýr að mannafla í heilbrigðisþjónustu. Þar er litið til þátta svo sem menntunar, áskorana við mönnun og til nýsköpunar. Farið er yfir þá þætti sem ligga að baki skorti á menntuðu heilbrigðisstarfsfólk og lagðar eru til stefnur til að laða að, þjálfa og halda í þann mannaúð sem þarf til að byggja upp þrautseig heilbrigðiskerfi.

Í seinni þemakaflum er áhersla á efri árin og litið er til þróunar í heilbrigðismálum aldraðra í Evrópu. Þar sem lífslíkur halda áfram að aukast og hlutur íbúa eldri en 65 ára fer vaxandi er í kaflanum fjallað um forgangsverkefni til að stuðla að heilbrigðara langlíf, m.a. í þeim tilgangi að draga úr þörf á heilbrigðisþjónustu og langtímaumönnun.

Í þeim köflum sem eftir standa er birtur tölfraðilegur samanburður á nýjustu gögnum um heilsufar, áhættuþætti heilbrigðis, starfsemi og gæði heilbrigðisþjónustunnar, útgjöld til heilbrigðismála, aðgengi að þjónustu og seiglu heilbrigðiskerfa í löndunum fjörutíu. Skýrsluna í heild má nálgast á **vefsvæði OECD**. Þar er einnig að finna hlekki á eldri skýrslur.

## Um ritröðina Health at a Glance

OECD, hóf útgáfu Health at a Glance skýrslna árið 2001. Hafa þær komið út annað hvort ár, á árum sem enda á oddatölum, síðast árið 2023. Þær útgáfur ná til OECD-landanna, auk nokkurra annarra landa í umsóknarferli að OECD. Skýrslur aftur til ársins 2015 má finna á **vefsvæði OECD**. Að frumkvæði Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins var ráðist í aðra ritröð, Health at a Glance: Europe, og samdi ESB við OECD um vinnslu þeirra skýrslna líka. Fyrsta slíka skýrslan kom út árið 2016 og eru þær skýrslur gefnar út á árum sem enda á sléttum tölum.

## Tölfraðivinnslur og -miðlun

Hagstofa Íslands og embætti landlæknis vinna heilbrigðistölfraði og miðla til OECD, fyrir hönd Íslands. Alla tölfraði má finna í **OECD Data Explorer**, tölfraðigagnagrunni stofnunarinnar. Þess má jafnframt geta að ýmsir heilsuvísar OECD liggja til grundvallar **lykilvísum heilbrigðisþjónustu** sem embætti landlæknis vinnur og birtir árlega í mælaborði. Við samanburð á tölfraði milli landa ber alltaf að slá þann varnagla að þrátt fyrir staðlaðar skilgreiningar getur verið munur á því hversu vel löndin ná að uppfylla þær. Þá geta sveiflur í tölu fyrir Ísland virkað miklar á milli ára þar sem oft er um fáa einstaklinga að ræða að baki tölunum. Í sumum tilvikum er því notast við meðaltöl nokkurra ára.

Guðrún Kr. Guðfinnsdóttir



### Efni

Dánartíðni og dánarorsakir 2023	Bls. 1
Health at a Glance: Europe 2024	Bls. 11

### Ritstjórn

Véðís Helga Eiríksdóttir, ritstjóri  
Sigríður Haraldsd. Elínardóttir, ábm.  
Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

### Embætti landlæknis

Katrínartúni 2  
105 Reykjavík  
S. 510 1900  
mottaka@landlaeknir.is  
www.landlaeknir.is